

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála  
Stjórnmálafræðideild  
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni  
ellefta starfsárs 2013**



## Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	5
Inngangur.....	7
Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	7
1. Stjórn og starfsfólk .....	7
2. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur .....	7
3. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2013.....	9
3.1 Verkefni á sviði rannsókna .....	9
3.1.1 Verkefni styrkt af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni.....	9
3.1.2 Vef tímaritið Stjórn mála og stjórnsýsla.....	10
3.1.3 Rannsóknarborð.....	14
3.1.4 Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu.....	15
3.1.5 COST - verkefni.....	15
3.2 Efling nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu og þjónustu.....	16
3.2.1 Nýsköpunarverðlaun og viðurkenningar í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.....	16
3.2.2 Samningur um eflingu nýsköpunar í opinber rekstri.....	16
3.2.3 Nýsköpunarvefur .....	17
3.2.4 Samstarf við Mindlab .....	17
3.2.5 Evrópsku nýsköpunarverðlaunin .....	18
3.2.6 Verkefni styrkt af Norræna nýsköpunarsjóðnum um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum með opinberum innkaupum.....	18
3.3 Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu og stjórn mála og málefni líðandi stundar .....	18
3.3.1 Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2013 .....	18
3.3.2 Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila .....	18
3.4 Fjármál og reglur stofnunarinnar .....	19
3.5 Erlent samstarf.....	19
3.6 Vefir stofnunarinnar.....	20
Viðauki 1. Stefnumótun Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2013-2014 .....	21
Viðauki 2. Viðburðir hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála 2013 .....	23
Viðauki 3. Birtar greinar í vef tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla 9. árg. 2013. ....	28



## Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2013, sem var ellefta starfsár stofnunarinnar, markaðist öðru fremur að viðamikilli vinnu við veftímaritið Stjórn mála og stjórnsýsla. Tímaritið hefur eflst á síðustu árum og hefur birting fræðigreina nær þrefaldast síðustu 3 árum miðað við árin þar á undan. Ritstjórn tímaritsins markaði sér þá stefnu á árinu 2012 að sækja um skráningu þess í erlenda gagnagrunna vísindatímarita og í samtök aðila sem vinna að opnum aðgangi tímarita. Var unnið markvisst að þessu verkefni á árinu 2013. Þannig hefur tímaritið þegar verið skráð í fjóra erlenda gagnagrunna og beðið er eftir að matsferli tímaritsins ljúki hjá Thomson Reuter, ISI Web of Science og Scopus, en skv. upplýsingum frá þessum aðilum mun því sennilega ljúka á árinu 2014. Jafnframt var tímaritið sett upp á Open Journal Systems, sem er alþjóðlega viðurkennt ritstjórnar-, birtingar- og dreifingakerfi fyrir tímarit í opnum aðgangi. Þessi breyting er mikilvægur þáttur í skráningu tímaritsins hjá alþjóðlegum gagnagrunnum. Skv. tölfræðilegri greiningu hefur tímaritið með þessum breytingum þegar náð víðtækari dreifingu á netinu. Þá var það sérstakt ánægjuefni að ritstjórn tímaritsins var í árslok 2013 tilkynnt að það verði áfram metið til 15 eininga, í efsta flokk, skv. Matskerfi opinberra háskóla, eitt fárra tímarita á Íslandi.

Stjórn stofnunarinnar samþykki á árinu stefnumótun fyrir starfsemi stofnunarinnar árin 2013-2014. Þar kemur m.a. fram sú áhersla sem lögð er í rannsóknir og þróunarverkefni og hlutverk stofnunarinnar að skapa öflugan umræðuvettvang þar sem fræðasamfélagið, stjórnsýslan, stjórn málin og tengdir aðilar leitast við að fjalla um fræðileg og hagnýt úrlausnarefni á hverjum tíma og til framtíðar með málefnalegum hætti. Þess ber jafnframt að fagna á að árinu var gert samkomulag til tveggja ára við fjármála- og efnahagsráðuneytið um eflingu nýsköpunar í opinberri þjónustu og stjórnsýslu og þjónustusamningur var endurnýjaður við Reykjavíkurborg til tveggja ára. Þá hlaut stofnunin styrk til þriggja ára úr samkeppnissjóði Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar til að vinna með samstarfsaðilum að nýsköpun í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum með opinberum innkaupum.

Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor, formaður stjórnar og Ásta Möller MPA, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.



## Inngangur

Stofnunin starfar samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í reglum stofnunarinnar segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar ellefta starfsár hennar 2013.

## Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

### 1. Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Skv. reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefnir þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Stjórn stofnunarinnar var síðast skipuð í apríl 2012 eftirfarandi: Ómar H. Kristmundsson, prófessor, sem er formaður stjórnar, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor sem voru tilnefnd skv. ákvörðum deildarfundar Stjórn málafræðideildar og Trausti Fannar Valsson lektor við lagadeild HÍ tilnefndur af rektor HÍ. Aðrir í stjórn eru Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari frá Reykjavíkurborg og Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, báðar tilnefndar af forseta Félagsvísindasviðs. Í febrúar 2013 sagði Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir sig út stjórninni og deildarfundur skipaði Þorgerði Einarsdóttur í hennar stað. Stjórnina skipa því 3 konur og 3 karlar starfsárið 2013 og er það í samræmi við ákvæði í reglum stofnunarinnar um að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40% sbr einnig ákvæði jafnréttis laga. Stjórn stofnunarinnar hélt einn fund á árinu 2013 þar sem til umfjöllunar var stefnumótun stjórnar 2013-2014 og var hún samþykkt. (sjá viðauki 1)

Ásta Möller MPA er forstöðumaður stofnunarinnar í fullu starfi. Hrefna Ástmarsdóttir stjórn málafræðingur og meistaranemi í opinberri stjórnsýslu starfaði sem verkefnastjóri í hálfu starfi frá júní 2013 m.a. við verkefni er tengjast nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Þá starfaði Dr. Haukur Arnþórsson að ýmsum verkefnum í tengslum við þróun og útgáfu vefritsins Stjórn mála og stjórnsýsla, en hann er vefstjóri tímaritsins.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu.

### 2. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála leggur áherslu á að leita samstarfs við þá sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála.

Formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar er Reykjavíkurborg og hefur svo verið frá upphafi og er þetta samstarf stofnuninni mikill styrkur í efnislegu og fjárhagslegu tilliti. Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg var undirritaður 14. janúar 2013 og er hann til tveggja ára 2013-2014. Hann er þriðjættur: 1. Ráðgjöf og aðstoð vegna tilraunaverkefnis í Breiðholti sem borgin stofnaði til með samþykkt borgarráðs 8. nóv. 2011. Þetta felur m.a. í sér úttekt á verkefninu með áfangaskýrslu og lokaskýrslu um árangur verkefnisins eins og það er skilgreint í samþykkt borgarráðs. 2. Úttekt á völdum verkefnum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af aðferðafræði Mindlab (sjá síðar). 3. Stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Þann 13. mars 2013 undirritaður samningur við fjármála- og efnahagsráðuneytið til tveggja ára um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri. Hann felur m.a. í sér að styðja við og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri; auka getu stofnana til að efla þjónustu við almenning með því að bæta hæfni og þekkingu innan ríkisstofnana og ráðuneyta á sviði nýsköpunar; að stuðla að auknu samstarfi á sviði nýsköpunar á milli ríkisstofnana og aðila á einkamarkaði og styðja við rannsóknir og þróun nýsköpunar á Íslandi (sjá síðar). Þessi samningur var gerður í framhaldi af velheppnuðu samstarfi stofnunarinnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu nýsköpunar í opinberri þjónustu og stjórnsýslu tvö árin þar á undan. Upphaf þessa verkefnis var samkomulag milli stofnunarinnar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Rannís sem undirritað var í maí 2010 þessa efnis.

Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. ráðuneyti, Umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun svo og aðrar opinberar stofnanir en einnig stjórn málaflökka, stéttarfélög og önnur félagasamtök, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana er mjög farsælt og hefur leitt af sér viðamikla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Í mörgum tilvikum hefur samstarf aðila tengst viðfangsefnum einstakra ráðuneyta og skal þar fjármála- og efnahagsráðuneytisins sérstaklega getið.

Einnig er vert að nefna ýmis samstarfsverkefni stofnunarinnar og annarra ráðuneyta, s.s. námskeið í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila og við umhverfisráðuneytið vegna morgunverðarfundar um vistvænan opinberan rekstur sem haldinn var á vordögum 2013.

Sem fyrr átti stofnunin gott og náið samstarf við Félag stjórnsýslufræðinga og Félag stjórn málafræðinga, m.a. við skipulagningu á viðburðum er varða áhugasvið aðila.



Stofnunin leggur áherslu á að horfa til annarra landa um stjórnsýslu og stjórnmal og hefur hún tekið þátt í margvíslegu samstarfi í þá veru. Á hverju ári koma m.a. til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, alþjóðasamtökum, stjórnsýslu og stjórnmalum sem hafa haldið opna fyrirlestra á vegum stofnunarinnar, sjá nánar í viðauka.

### 3. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2013

Stjórn stofnunarinnar hélt stefnumótunarfund í október 2012 og samþykkti stefnumótun fyrir árin 2013 og 2014 á stjórnarfund 13. júní 2013. Eftirtalin verkefni voru af stjórn skilgreind sem áhersluþættir í starfssemi stofnunarinnar 2013-14. Sjá einnig viðauka 1.

1. Verkefni á sviði rannsókna: Þátttaka í rannsóknum, birting rannsóknarniðurstaða með útgáfu tímaritsins Stjórnmal og stjórnsýsla, stuðningur og aðstoð við fræðimenn og starf deildarinnar, starfsemi Rannsóknarborðs.
2. Efling nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu og þjónustu.
3. Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu og stjórnmal og málefni liðandi stundar
4. Fjármál og reglur stofnunarinnar

#### 3.1 Verkefni á sviði rannsókna

Eitt af verkefnum stofnunarinnar er aðstoð við fjáröflun, þróun og kynningu rannsóknarverkefna. Viðamest hafa verið tvö stór rannsóknarverkefni Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2008 og var forstöðumannahluti rannsóknarinnar endurtekinn á árinu 2011 í samstarfið við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Hitt verkefnið er Íbúalýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007-2010. Afrakstur þess verkefnis var m.a. ritið Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum sem gefið var út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnála við Háskóla Íslands snemmsumars 2012. Rannsóknin naut stuðnings frá mörgum aðilum, þeirra á meðal Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Landsbanka Íslands.

Hér á eftir er gert grein fyrir rannsóknar- og þróunarverkefnum sem stofnunin vann að á árinu 2013.

##### 3.1.1 Verkefni styrkt af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnála fékk ásamt samstarfsaðilum á Norðurlöndum samkeppnisstyrk frá Norræna nýsköpunarmiðstöðinni (Nordisk Innovation Center) sem snýr að nýsköpun í heilbrigðisþjónustu með opinberum innkaupum. Verkefnið ber heitið *Integrated training program and demand dialogue network for Innovative Nordic Health Care Procurement* (INHP). Verkefnið er til þriggja ára, 2012 -2014, en það hófst ekki formlega fyrr en í byrjun árs 2013.

Verkefnið er liður í stefnu Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, sem er ein undirstofnana Norrænu ráðherranefndarinnar, að nýta þá möguleika sem felast í styrk og stöðu norrænnar heilbrigðisþjónustu til að marka henni sess sem leiðandi aðila í þróun og nýsköpun í velferðarmálum á heimsvísu. Í því skyni er unnið að því að tengja saman opinbera og einkaaðila sem starfa á sviði heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Sem dæmi um vel heppnuð verkefni sem Norrænu nýsköpunarmiðstöðin hefur staðið fyrir er markaðssetning norrænnar matargerðar með framúrskarandi árangri. Nú beinir sjóðurinn sjónum að norræni heilbrigðisþjónustu og þeim möguleikum sem hún hefur upp á að bjóða til að leita betri og nýstárlegri lausna.

Verkefnið sem stofnunin tekur þátt í felur m.a. í sér að mynda samstarfsnet kaupenda og seljenda vöru og þjónustu í heilbrigðiskerfum Norðurlanda og setja upp námskeið á meistarastigi um innkaup í heilbrigðisþjónustu í samstarfi norrænna háskóla. Slíkt námsskeið byggir m.a. á upplýsingaöflun um þarfir kaupenda og veitenda/seljenda heilbrigðisþjónustu og vöru. Grunnhugmyndin er að opinber innkaup á heilbrigðisþjónustu sé áhrifaríkt tæki til að stuðla að þróun og nýsköpun í opinbera geiranum jafnt sem einkageiranum. Sjá <http://www.nordicinnovation.org/is/frettir/making-the-health-sector-a-more-innovative-procurer-through-nordic-cooperation/>.

Verkefnið sem Stofnun stjórnsýslufræða er aðili að er eitt þriggja verkefna á sviði nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu með opinberum innkaupum sem hlaut styrk til þriggja ára og skiptu þau með sér 10 milljónum norskra króna.

Norrænir samstarfsaðilar stofnunarinnar eru Háskólinn í Lundi, Svíþjóð, Álaborgarháskóli í Danmörku, Laurea University of Applied Sciences í Finnlandi og BI Norwegian Business School, auk annarra samstarfsaðila sem eru kaupendur eða seljendur heilbrigðisþjónustu í viðkomandi löndum, opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar. Í tengslum við verkefnið hefur Stofnun stjórnsýslufræða leitt saman aðila í íslensku stjórnsýslunni og heilbrigðiskerfinu svo að verkefnið nýtist sem best okkar samfélagi.

Í júnímánuði var haldinn tveggja daga fundur samstarfsaðila verkefnisins á Íslandi, en alls voru haldnir fimm fundir samstarfsaðila á árinu.

### 3.1.2 Vefúmaritið Stjórnsmál og stjórnsýsla

Vefúmaritið Stjórnsmál og stjórnsýsla hefur verið gefið út frá árinu 2005 og kom því 9. árgangur tímaritsins út á árinu 2013. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnsmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tímaritið hefur á síðustu árum vaxið og eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir fræðimenn á sviði félagsvísinda.


Tvö tölublöð koma út á ári hverju, í júní og desember og eru þau öllum aðgengileg á vefsíðunni [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is) og nú einnig [www.irpa.is](http://www.irpa.is) sem stendur fyrir enskt heiti tímaritsins, *Icelandic Review of Politics and Administration-IRPA*. Prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Í tímaritinu eru þrjú efnisflokkar; ritrýndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis og bókadómar. Höfundar efnis eru fræðimenn í stjórnsmálafræði, stjórnsýslufræði og tengdum greinum. Þá hafa stjórnsmálamenn, embættismenn og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga lagt tímaritinu til efni m.a. í almennum greinum. Bókadómar eru jafnframt fastur þáttur í útgáfunni.

Frá upphafi hafa birst 145 fræðigreinar í tímaritinu, 63 almennar greinar og 109 bókadómar. Aðsókn fræðimanna að birta ritrýndar greinar í tímaritinu hefur aukist verulega á síðustu árum. Frá 2005 til og með 2010 voru birtar á bilinu 7-16 fræðigreinar á ári. Fæstar voru þær á árinu 2005, en þá var eitt tölublað gefið út, en tvö tölublöð á ári allar götur síðan. Árin 2011-2013 voru birtar 27-29 fræðigreinar á ári, sem var nær þreföldum greina frá meðaltali árána þar á undan. Á árinu 2013 voru birtar 28 fræðigreinar, tvær almennar greinar og 18 bókadómar.

Á árinu 2013 var unnið að því að setja tímaritið upp í nýtt ritstjórnar og dreifingarkerfi Open Journal Systems og opnaði það formlega í nýju kerfi og nýju útliti með hausthefti tímaritsins í desember 2013. Jafnframt var öll framsetning á tímaritinu, íslenskur og enskur texti yfirfarinn og aðlagður kröfum um opinn aðgang að efni á vefnum og hið nýja kerfi. Allar greinar tímaritsins frá upphafi hafa verið færðar inn í hinu nýja kerfi og hafa allar fengið DOI númer. (Sjá aftar). Haukur Arnþórsson vefstjóri sá upp uppsetningu á kerfinu í samvinnu við Reiknistofnun HÍ og undirbjó og sá um færslur milli kerfa. Þess má geta að Stjórnmal og stjórnsýsla er fyrsta tímaritið sem gefið er út af stofnunum Háskóla Íslands sem setur upp tímarit í opnum aðgangi í Open Journal Systems og ruddi það því brautina fyrir fleiri tímarit að fara sömu leið. Útgefendur fengu styrk úr Háskólasjóði til að standa undir kostnaði vegna þessa.

Tímaritið hefur frá árinu 2012 komið út í íslensku og ensku viðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Greinar birtast ýmist á íslensku eða ensku, en frá 2011 hafa allar íslenskar greinar enskan útdrátt og lykilorð.

Í ritnefnd tímaritsins eru eftirtaldir: Gunnar Helgi Kristinsson, sem er aðalritstjóri, Baldur Þórhallsson, Ómar H. Kristmundsson, Margrét S. Björnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. Umsjón með útgáfunni hefur Ásta Möller og vefstjóri er Haukur Arnþórsson.



Hjá tímaritinu er starfandi ráðgefandi ritstjórn og International Advisory Board var sett á laggirnar 2012. Þær eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Clive Archer, University of Manchester, Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams Collage, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallin University of Technology, Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl,

University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í Matskerfi opinberra háskóla, en matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritryndar greinar sem birtast í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla eru því metin í hæsta flokk en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Í árslok 2012 barst bréf frá matsnefnd opinberra háskóla þar sem tilkynnt var sú breyting að eingöngu tímarit sem væru flokkuð eða skráð í tiltekna alþjóðlega gagnagrunna verði metin til 15 stiga eftir 1. janúar 2014. Það fylgdi að Stjórnmal og stjórnsýsla yrði lækkað í 10 stig ásamt stórum hluta tímarita sem áður voru metin til 15 stiga. Ritstjórn og útgefandi tímaritsins funduðu nokkrum sinnum um málið m.a með fulltrúum vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ og fylgdi málinu eftir til þeirra og til matskerfisnefndar opinberra háskóla til að fá frekari upplýsingar og m.a. fá útskýringar á vali á erlendum gagnagrunnum sem skyldi nota til grundvallar. Jafnframt var dregin athygli að vinnu aðstandenda tímaritsins við að skrá það í erlenda gagnagrunna. Í árslok 2013 var ritstjórn Stjórnmal og stjórnsýslu tilkynnt að stigamat tímaritsins væri áfram óbreytt, 15 stig. Jafnframt var tilkynnt að Scopus gagnagrunninum hefði verið bætt við viðurkennda gagnagrunna sem matsnefndin tekur mið af við flokkun tímarita.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu þegar á árinu 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita og var unnið markvisst að því á árinu 2013. Aðstandendur tímaritsins leituðu m.a. ráðgjafar Landsbókasafns-háskólabókasafns til að fá leiðbeiningar í þessum efnum. Eftirfarandi er samantekt á stöðu þeirra mála í árslok 2013:

### **Aðgangur að samtökum og kerfum sem grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita.**

#### **1. CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmal sem er útgefandi veftímaritsins Stjórnmal og stjórnsýsla fékk inngöngu í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)** með undirritun samkomulags þess efnis dags 27. júní 2013 og greiðir stofnunin árleg aðildargjöld til samtakanna. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi 2005 fengið slíkt númer.

#### **2. Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)**

Stofnun stórnsýslufræða og stjórnmal sem útgefandi veftímaritsins Stjórnmal og stjórnsýsla hefur fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** skv. netpósti frá samtökunum dags. 26. júlí 2013 og greiðir árleg félagsgjöld til samtakanna. OASPA hvetur útgefendur til að nota [Creative Commons licenses](#), sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki Creative Commons Licences kemur fram á forsíðu tímaritsins Stjórnmal og stjórnsýslu til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

### 3. Open Journal Systems (OJS)

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála vann að því á árinu að taka í gagnid ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems kerfið (OJS) fyrir tímaritið og var hausthefti tímaritsins 2013 opnað í nýju kerfi. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar inn í nýja kerfið og eldri útlit tímaritsins sem reyndar var sett var upp á árinu 2012 hefur verið lokað. **OJS** kerfið var upphaflega sett upp undir stjórn háskólabókasafnsins í Stanford háskóla, en er nú þróað og því dreift í samstarfi við fjölmarga útgáfuaðila á forsendum „opinna“ sjónarmiða. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritrýna og ritstjóra og styður tvíblinda ritrýni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritrýna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina. Þá getur kerfið annast áskriftir. Google Scholar Metrics mæla með upptöku OJS fyrir tímarit sem vilja að upplýsingar um efni þeirra birtist þar samkvæmt heimasíðu þess gagnagrunns. Kerfið gefur m.a. aðgang að tölfræðilegri greiningu á dreifingu og notkun fræðigreina sem birtast í tímaritinu. Má reikna með því að greinar og nöfn höfunda skili sér mun betur út í alþjóðasamfélag fræðimanna með tilkomu kerfisins en áður var.

## B. Skráning tímaritsins í erlenda gagnagrunna vísindatímarita

### 1. Directory of Open Access Journal (DOAJ)

Tímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla sótti um skráningu hjá Directory of Open Access Journal (DOAJ) og var skráning þess staðfest í lok september 2013.

### 2. ProQuest

Tímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla sótti um skráningu í ProQuest gagnagrunninn undir ProQuest Political Science Journals og tilboð um aðild hefur borist. Gengið hefur verið frá formlegum samningi milli aðila.

### 3. Google Scholar Metrics

Tímaritið hefur fengið DOI lykil á greinar sínar og hefur tekið OJS kerfið í notkun en hvort tveggja er forsenda þess að **Google Scholar Metrics** nemi greinar sem birtast í tímaritinu.

### 4. EBSCO

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála sótti um skráningu á tímaritinu í EBSCO Information Services og var tímaritið tilnefnt í gagnagrunn þeirra á sviði stjórnmálafræði. Samningur hefur verið gerður milli stofnunarinnar og EBSCO

### 5. Thomson Reuter, ISI –Web of Science

Stofnunin sótti um skráningu tímaritsins í Thomson Reuter, ISI –Web of Science og skv. pósti frá þeim hófst matsferlið í desember 2012 og mun því ljúka með útgáfu vorheftis tímaritsins 2014.

### 6. Scopus

Stofnunin sótti um skráningu tímaritsins í **Scopus** og er það í matsferli samkvæmt tölvupósti sem barst síðast í lok nóvember 2013.

Við opnun á tímaritinu í júní og desember var boðið til útgáfuhófs, þar sem höfundi/höfundum var gefið tækifæri að kynna efni greinar sinnar og umræður á eftir.

Í tilefni af opnun 1. tbl. 9. árg. tímaritsins 26. júní 2013 kynntu tveir fræðimenn greinar sínar. Það voru Dr. Baldur Þórhallsson prófessor við Stjórnmálafræðideild HÍ og ræddi hann grein sem hann ritaði ásamt Alyson Bailes og Rachael Lorna Johnstone sem ber yfirskriftina *Scotland as an*

*independent state*. Þá fjallaði Þorsteinn Kristinsson stjórn málafræðingur um greinina *Iceland's External Affairs from 1400 to the Reformation: Anglo-German Economic and Societal Shelter in a Danish Political Vacuum*, en hann er höfundur greinarinnar ásamt Baldri Þórhallssyni prófessor. Fundarstjóri var Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor.

Við opnun á 2. tbl. 9. árg. 19. desember 2013 voru stuttar kynningar á greinum sem birtust í tölublaðinu. Birgir Guðmundsson, dósent í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri ræddi grein sína *Pólítísk markaðsfjölmíðlun* og Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands fjallaði um grein sína *Well being in the Nordic countries: An International Comparison*. Fundarstjóri var Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor og opnaði hann tímaritið formlega í nýju kerfi Open Journal Systems og kynnti áfanga sem tímaritið náði á árinu 2013.

Haldið var áfram vinnu við að fjölga áskrifendum að tímaritinu til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þess. Áskrifendur og styrktaráskrifendur eru um 170 talsins í lok árs 2013.

Í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir greinar og höfunda efnis í 9. árgangi tímaritsins.

### 3.1.3 Rannsóknarborð

Rannsóknarborð er samstarfsvettvangur kennara stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar. Það tók til starfa snemma árs 2010 og eru fundir þess haldnir að jafnaði á 3 vikna fresti yfir veturinn. Tilgangur rannsóknarborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir og nýsköpun á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórn mála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórnsýslu og stjórn mála og vera vettvangur miðlunar þekkingar og hagnýtrar reynslu.

Fundir rannsóknarborðs voru alls 9 á starfsárinu og voru eftirfarandi efni tekin til umfjöllunar:

**24. janúar 2013.** Grein í vinnslu. Eva Heiða Önnudóttir ræddi grein sína *“Policy congruence and style of representation: Party Votes and political parties”*. Gunnar Helgi Kristinsson leiddi umræðuna.

**14. febrúar 2013.** Eva Marín Hlynisdóttir ræddi grein í vinnslu *“Under what conditions does the mayor take on a leading role in policy making”*. Stefanía Óskarsdóttir leiddi umræðuna.

**28. febrúar 2013.** Íslensk rannsóknargögn í opnum aðgangi sem nýtist við rannsóknir og kennslu í Stjórn málafræðideild. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Heiður Hrunn Jónsdóttir hjá Félagsvísindastofnun kynntu. Ómar H. Kristmundsson stýrði fundi.

**18. apríl 2013.** Grein í vinnslu: Baldur Þórhallsson og Þorsteinn Kristinsson ræddu grein sína *“Iceland's External Affairs from 1440 to the reformation: Anglo-German Economic and Societal Shelter in a Danish Political Vacuum”*. Stefanía Óskarsdóttir leiddi umræðuna.

**5. september 2013.** Fyrsta rannsóknarborð haustsins var tileinkað miðlun upplýsinga milli fræðimanna. Kennarar og doktorsnemar kynntu rannsóknarverkefni sín sem eru í vinnslu og þau verkefni sem eru fyrirhuguð. Ásta Möller stjórnaði umræðunni.

**3. október 2013.** Grein í vinnslu eftir Hannes H. Gissurarson: *Olli falin valdabópur bankabruninu íslenska?* Hulda Þórisdóttir leiddi umræðuna.

**31. október 2013.** Grein eftir Maximillian Conrad. *A small states Perspective on the ECI*. Alyson Bailes leiddi umræðuna.

**21. nóvember 2013.** Eva Heiða Önnudóttir og Hulda Þórisdóttir kynntu rannsókn sem þær vinna að í samvinnu við Indriða Indriðason og Ólaf Þ. Harðarson. Rannsóknin nefnist: *The Economy as a Context: Elections in Iceland in times of crisis*.

**12. desember 2013 - Jóládögurður.** Alyson Bailes ræddi grein sína. "*Small nations in the wider arctic space: their challenges, options and contributions*.". Eva Heiða Önnudóttir leiddi umræðuna.

Á heimasíðu stofnunarinnar [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is) hefur verið safnað saman upplýsingum um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórn málafræðideildar undir rannsóknaráherslur fræðimanna.

### 3.1.4 Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu

Stofnunin hefur frá upphafi lagt áherslu á að styðja við, efla og þróa meistaranám í opinberri stjórnsýslu og hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt. Þeir hafa ólíkan bakgrunn og margir þeirra eru í störfum innan stjórnsýslunnar samhliða námi.

Tveir samstarfssamningar eru í gildi um þróun sérsniðins diplómanáms annars vegar fyrir núverandi og verðandi stjórnendur hins opinbera annars og hins vegar fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Samstarfsaðilar stjórn málafræðideildar um fyrra námið er fjármálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Frá hausti 2010 hefur verið boðið upp á diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu, en hún er sérstaklega skipulögð með þarfir núverandi og verðandi stjórnenda í heilbrigðisþjónustu í huga sem vilja efla stjórnunarþekkingu sína og öðlast dýpri skilning á starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem hluti af opinberum rekstri. Samstarfsaðilar Stjórn málafræðideildar varðandi þetta námsframboð innan HÍ eru Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild og Heilbrigðisvísindasvið HÍ, en samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands vegna námsins eru velferðarráðuneytið, Landspítalinn, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landssamband sjúkrahúsa, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hafði forgöngu um þessar námsleiðir og annast framkvæmd samstarfssamninga vegna þeirra. Námsleiðirnar eru hluti af meistaranámsframboði Stjórn málafræðideildar og lýtur þeim inntökuskilyrðum og námskröfum sem þar eru gerðar og endar með diplómaskírteini. Kjósi þeir að halda áfram námi og ljúka MPA gráðu fá þeir diplómanámið að fullu metið.

### 3.1.5 COST - verkefni

Í júní 2013 hélt stofnunin utan um skipulagningu og framkvæmd fundar COST verkefnis *COST IS1102 COHESION. Social services, welfare state and place* sem haldinn var í Háskóla Íslands.

Ábyrgðaraðilar verkefnisins voru Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir en fjölmargir kennarar Félagsvísindasviðs HÍ voru þátttakendur á fundinum. Alls sóttu um 40 manns fundinn víðs vegar að úr Evrópu.

### 3.2 Efling nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu og þjónustu

#### 3.2.1 Nýsköpunarverðlaun og viðurkenningar í opinberri þjónustu og stjórnsýslu

Á árinu var fram haldið samstarfi stofnunarinnar, fjármála og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís og Sambands íslenskra sveitarfélaga um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Á síðustu árum hefur tekist að vekja athygli á nýsköpun í samhengi við opinbera geirann m.a. með kynningu á nýsköpunarverkefnum hjá opinberum stofnunum, með viðurkenningu á bestu verkefnum og með fræðslu um efnið. Framtakið hafi jafnframt hvatt til frekari nýsköpunar í starfi hins opinbera og gefið jákvæð skilaboð til samfélagsins um grósku í starfi hins opinbera.

Samráðsnefnd þeirra sem standa að ráðstefnu um nýsköpun í opinberum rekstri og verðlaunaafhendingu um bestu nýsköpunarverkefni ársins funduðu í maí 2013 og var þar ákveðið að næsta nýsköpunarráðstefna yrði haldin í janúar 2014. Fyrri ráðstefnur voru haldnar í nóvember 2011 og október 2012 og var það mat nefndarinnar að heppilegra væri að hafa viðburðinn í byrjun árs í stað síðla hausts. Undirbúningur fyrir ráðstefnuna og verðlaunaafhendinguna 2014 hófst í ágúst 2013. Bréf var sent út 20. september 2013 til forstöðumanna ríkis og sveitarfélaga undirritað af fjármála- og efnahagsráðherra og formanni Félags forstöðumanna ríkisstofnana annars vegar vegna stofnana ríkisins og fjármála- og efnahagsráðherra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar vegna sveitarfélaga með ósk um að viðkomandi stofnun eða sveitarfélag tilnefndi verkefni til verðlaunanna. Skilafrestur var til 15. nóvember og bárust alls 39 tilnefningar frá stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Valnefnd fór yfir verkefni á fundi sínum um miðjan desember 2013 til að leggja mat á og velja verkefni sem fengju verðlaun og viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu sem afhent yrðu á hádegisverðarfundum 24. janúar 2014. Til grundvallar mati á verkefnum var matsblað sem nefndin hafði þróað á árinu þar sem eftirfarandi þættir voru metnir: Nýsköpunargildi, frumleiki, almannagildi, mikilvægi fyrir stofnunina, hvort verkefnið nýtist öðrum stofnunum og rekstrarlegur ávinningur. Tveir síðasttöldu þættirnir hafa helmingis gildi á við hina fyrri fjóra þættina.

Í undirbúningsnefnd verkefnisins eru eftirtaldir: Pétur Berg Matthíasson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Magnús Guðmundsson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Ómar H. Kristmundsson, Ásta Möller og Hrefna Ástmarsdóttir frá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Berglind Hallgrímsdóttir frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Þorsteinn Gunnarsson frá Rannís, Anna Guðrún Björnsdóttir og Þórey Guðmundsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Már Vilhjálmsson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana vann einnig með nefndinni við mat á verkefnum.

#### 3.2.2 Samningur um eflingu nýsköpunar í opinber rekstri

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála gerði í mars 2013 samning við fjármála- og efnahagsráðuneytið til tveggja ára um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri. Ráðuneytið leggur til stofnunarinnar 2 milljónir króna hvort árið til verkefnisins, en samningurinn rennur út í mars 2015. Meginmarkmið samnings eru að:

- Bæta nýtingu og meðferð almannaafjár með því að styðja við og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri.



- Auka getu stofnana til að efla þjónustu við almenning með því að bæta hæfni og þekkingu innan ríkisstofnana og ráðuneyta á sviði nýsköpunar.
- Stuðla að auknu samstarfi á sviði nýsköpunar á milli ríkisstofnana og aðila á einkamarkaði.
- Styðja við rannsóknir og þróun nýsköpunar á Íslandi.

Í samningnum kemur m.a. fram að til að ná fram markmiðum samningsins skuli aukið samstarf við erlenda og innlenda aðila á sviði nýsköpunar í opinberum rekstri. Unnið verði að því að efla tengsl og þekkingarmiðlun á sviði nýsköpunar á milli ríkisstofnana og aðila á einkamarkaði og styðja við rannsóknir á stjórnunaraðferðum með hliðsjón af nýsköpun og þróun hins opinbera.

### 3.2.3 Nýsköpunarvefur

Rekstri vefsins [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is) var fram haldið en hann hefur verið starfandi frá október 2011. Á vefsíðunni er mikið magn upplýsinga um nýsköpun í opinberum rekstri og verkfæri við nýsköpunarvinnu. Þá eru þar safn upplýsinga um verkefni sem voru tilnefnd til nýsköpunarverðlauna 2011 og 2012 en það eru alls um 100 verkefni. Þar má einnig finna fjölmarga tengla á nýsköpunarvefi um allan heim og hægt er að hlaða niður skýrslum og greinum um nýsköpun í opinberum rekstri. Jafnframt má þar finna gagnlegar leiðbeiningar um hvernig megi að standa að nýsköpun í opinberum rekstri.

Vefsíðan fékk nýtt útlit haustið 2013 til samræmis við aðrar síður tengdar Háskóla Íslands. Nýja útlit vefsíðunnar er myndrænna og auðveldara er nú að skoða vefinn í snjallsímum og spjaldtölvum. Hrefna Ástmarsdóttir verkefnastjóri er umsjónarmaður nýsköpunarvefsins.

### 3.2.4 Samstarf við Mindlab

Stofnunin hefur frá árinu 2010 verið í samstarfi við Mindlab í Danmörku um nýsköpun í opinberum rekstri. Aðferðifræði Mindlab sem byggir á samstarfi við notendur þjónustunnar við þróun nýrra og betri lausna í verkefnum hins opinbera hefur vakið mikla athygli og eru starfsmenn Mindlab eftirsóttir fyrirlesarar víða um heim. Forstjóri Mindlab Christian Bason kom til landsins í ágúst 2012 og hitti m.a. samstarfsnefnd um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Þá hafa sérfræðingar frá Mindlab, Jakob Schörring og Rune Sabrøe séð um kennslu um nýsköpun í opinberum rekstri sem er hluti af námskeiðinu Akademía fyrir framtíðarstjórnendur í opinberum rekstri og Akademíu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu sem er í sérskipulögðu diplómanámi í opinberri stjórnsýslu.

Í samræmi við samkomulag stofnunarinnar og Mindlab um þjálfun starfsmanna og aðstoð við innleiðingu nýsköpunarverkefna hjá opinberum stofnunum var þremur stofnunum boðið að leggja fram verkefni til úrlausnar sem yrði unnið á námskeiði um nýsköpun í opinberum rekstri fyrir nemendur í diplómanám í opinberri stjórnsýslu sem haldið var í apríl 2013. Reykjavíkurborg, Vinnuálastofnun og embætti Umboðsmanns skuldara skilgreindu hvert sitt raunhæft verkefni til úrlausnar á námskeiðinu sem nemendur unnu með. Tveir starfsmenn hveirrar stofnunar sátu námskeiðið bæði til að fá þjálfun í að nýta aðferðafræði Mindlab við nýsköpun í opinberum rekstri og til að veita ítarlegri upplýsingar um viðkomandi úrlausnarefni sem nemendur unnu með og þeir skiluðu skýrslu um. Var mikil ánægja með þessa tilhögun og hafa þessi verkefni og aðferðafræði nýst viðkomandi stofnunum. Þess má og geta að nýjum forstöðumönnum ríkisstofnana hefur verið boðið að sitja þessi námskeið á undanförunum árum.

### 3.2.5 Evrópsku nýsköpunarverðlaunin

Tvö íslensk nýsköpunarverkefni komust í úrslit Evrópsku nýsköpunarverðlaunanna í opinberum rekstri (European Public Sector Awards - EPSA) en þau voru afhent í Maastricht í nóvember 2013 í fjórða sinn. Verkefni voru *SignWiki* sem þróað var af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og *Samfélagsmiðlar lögreglunnar* sem þróað var af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. *SignWiki* fékk verðlaun fyrir bestu nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2012 og *Samfélagsmiðlar lögreglunnar* fengu viðurkenningu fyrir verkefni sitt á nýsköpunarráðstefnunni 2011. Þetta var í fyrsta sinn sem íslenskar stofnanir taka þátt í þessari evrópsku keppni. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og er keppt í þremur flokkum. Allar opinberar stofnanir í Evrópu á öllum stjórnsýslustigum geta tekið þátt í EPSA, einnig ríkisfyrirtæki og samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila, en verðlaunin voru fyrst veitt á árinu 2007. Í ár voru 230 verkefni frá 26 ríkjum og stofnunum ESB tilnefnd til verðlaunanna. Flestar tilnefningarnar komu frá Spáni, 46 og Póllandi, 36, en fimm tilnefningar bárust frá Íslandi. EIPA (European Institute of Public Administration) veitir verðlaunin en stofnunin hefur í yfir 30 ár verið leiðandi í rannsóknum, þjálfun og ráðgjöf á sviði opinberrar stjórnunar og stjórnsýslu. Stofnunin heldur t.a.m. námskeið fyrir meira en 10 þúsund opinbera starfsmenn á ári hverju og hafa margir Íslendingar sótt námskeið EIPA.

### 3.2.6 Verkefni styrkt af Norræna nýsköpunarsjóðnum um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum með opinberum innkaupum

Vísað er í umfjöllun hér að ofan.

## 3.3 Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu og stjórnsmál og málefni liðandi stundar

### 3.3.1 Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2013

Stofnunin leggur mikla vinnu í að skipuleggja fræðslu, fundi og ráðstefnur um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórnsmál og stjórnsýslu og í stjórnsýslufræðum í samstarfi við ýmsa aðila. Jafnframt er það mikilvægur þáttur til að afla henni tekna. Á árinu 2013 voru haldnir rúmlega 30 slíkir atburðir og sóttu þá yfir 2000 manns. (sjá viðauka 2).

Markhópur þessarar fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og viðfangsefni opinbers rekstrar.

### 3.3.2 Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila.

Stofnunin hefur um árabil staðið fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga um lög er varða stjórnsýsluna til að efla þekkingu þeirra á reglum hennar. Þessi námskeið voru sett á laggirnar m.a. að frumkvæði Umboðsmanns Alþingis og hefur stofnunin notið stuðnings, liðveislu og hvatningar embættisins í því starfi. Námskeiðin eru jafnframt skipulögð í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og hefur Trausti Fannar Valsson, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands haft umsjón með námskeiðinu hin síðari ár. Stofnunin hefur lagt aukna áherslu á að bjóða upp á fjarnám samhliða staðnámi á námskeiðum sínum og hafa opinberir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem búa á landsbyggðinni í auknum mæli nýtt sér þetta form og þannig getað sparað sér mikinn tilkostnað vegna ferðalaga og uppihalds. Fyrirlestrar eru teknir upp sem gefur m.a. þátttakendum möguleika á að fylgja námskeiðinu þrátt fyrir forföll eða til upprifjunar síðar.

Á árinu 2013 var í tíunda skiptið haldið sex vikna námskeið um Stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Umsjónarmaður og aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor við lagadeild HÍ.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Luxemburg kenndi fjögur námskeið: Ráðning og starfslok starfsmanna opinberra stofnana og Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 140/2012, en það námskeið var kennt tvisvar sinnum á árinu. Jafnframt kenndi Kjartan Bjarni námskeið um Evrópurétt.

### 3.4 Fjármál og reglur stofnunarinnar

Stofnunin er rekin með sjálfsaflafé. Samningur við Reykjavíkurborg var endurnýjaður í formi þjónustusamnings til tveggja ára 2013-2014 í ársbyrjun eins og áður er getið. Árlegt framlag borgarinnar er 2.375 milljónir króna.

Í mars 2013 var gerður samningur milli stofnunarinnar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem felur í sér 2 milljón króna árlegt framlag til eflingar nýsköpunar í opinberum rekstri.

Þá má nefna að stofnunin hefur tekjur af samstarfsverkefnum *Integrated training program and demand dialogue network for Innovative Nordic health Care Procurement* eða alls um 6 milljónir sem skiptast á 3 ár.

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Stjórn málafræðideild greiðir leigu fyrir starfsaðstöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er aflað fjármagns til rekstrar með verkefnum sem stofnunin vinnur að m.a. skipulagningu og umsjón með málþingum og námskeiðum, rannsóknarverkefnum og öðrum verkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og með styrkjum.

Heildarvelta stofnunarinnar á árinu 2013 var um 21 milljón króna. Rekstur stofnunarinnar var í jafnvægi á árinu. Frá fyrri árum eru uppgjör vegna umsýslu stofnunarinnar í tengslum við verkefnið DEMO-net enn í óvissu, en í árslok 2013 var verkefnið í um 3.4 milljóna skuld við stofnunina vegna kostnaðar á árinu 2007-2008. Að öðru leyti er vísað til ársskýrslu 2009 varðandi þetta efni.

### 3.5 Erlent samstarf

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur á undanförunum árum tekið þátt í norrænu og evrópsku samstarfi stjórnsýsluskóla, en slíkir skólar bjóða grunn- og endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Hér er annars vegar átt við þátttöku í fundum Directors of Institutes and Schools of Public Administration (DISPA), sem er samstarfsvettvangur aðila sem sjá um stjórnsýslufræðslu í löndum ESB og halda þeir fund tvisvar á ári hjá forysturíki ESB hverju sinni. Af fjárhagslegum ástæðum tók forstöðumaður ekki þátt í þessum fundum á árinu 2013.

Hins vegar hafa norrænir samstarfsaðilar haft með sér sérstakt tengslanet undir heitinu Nordic Civil Service Training Institute Network. Vegna skipulagsbreytinga hjá samstarfsaðilum á hinum Norðurlöndunum féll þetta samstarf niður á árinu 2013. Þessi aðilar hittast einnig á vettvangi DISPA

### 3.6 Vefir stofnunarinnar

Á heimasíðu stofnunarinnar [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is) er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar m.a. atburði á hennar vegum. Þar eru einnig að finna upplýsingar um rannsóknaráherslur fræðimanna deildarinnar. Jafnframt er stofnunin með síðu á samskiptavefnum Facebook. Að auki rekur stofnunin vefina [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is) og [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is) /www.irpa.is eins og gert er grein fyrir hér að framan.

## Viðauki 1. Stefnumótun Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2013-2014

### Samþykkt á fundi stjórnar 13. júní 2013

Í þessu skjali birtast áherslur stofnunarinnar til 2013-2014 með hliðsjón af umræðu á stjórnarfundum um framtíðarmál stofnunarinnar sem var haldinn 11. október 2012.

Stofnunin er þjónustustofnun stjórn málafræðideildar á sviði stjórn mála, stjórnsýslu og tengdra greina bæði á sviði rannsókna og kennslu. Hún stuðlar að fræðilegri og hagnýtri opinberri umræðu um stjórnsýslu og stjórn mála og hefur frumkvæði að umbótum á þessum sviðum í samvinnu við ríki, sveitarfélög og einkaaðila. Nánar tiltekið vinnur stofnunin að eftirtöldum meginverkefnum:

1. Verkefni innan Stjórn málafræðideildar
  - a. Útgáfu tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýsla.
  - b. Umsjón með rannsóknarsamstarfi innan Stjórn málafræðideildar.
  - c. Aðstoð við framkvæmd rannsókna á verkefnasviði stofnunarinnar.
  - d. Aðstoð við kennara við kynningu rannsóknarniðurstæðana.
  - e. Umsjón með einstökum námsleiðum á sviði opinberrar stjórnsýslu.
2. Verkefni í samstarfi við aðrar deildir háskólans, ríki, sveitarfélög og einkaaðila.
  - a. Umbótaverkefnum og úttektum í opinberri stjórnun og rekstri.
  - b. Umsjón með málþingum, ráðstefnum og öðrum opnum fundum um stjórnsýslu og stjórn mála.
  - c. Umsjón með námskeiðum um starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu og stjórnun opinberra stofnana.

Til að sinna stofnunin geti enn betur þessu hlutverki sínu mun hún leggja áherslu á eftirtalin viðfangsefni á árunum 2013 og 2014:

1. **Verkefni á sviði rannsókna: Þátttaka í rannsóknum, birting rannsóknarniðurstæðna með útgáfu tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýsla, stuðningur og aðstoð við fræðimenn og starf deildarinnar, starfsemi Rannsóknarborðs.**
  - 1.1. Vinna að gerð samstarfssamninga við innlenda aðila um tiltekin rannsóknar- og þróunarverkefni.
  - 1.2. Útgáfa tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýslu í samræmi við stefnu ritnefndar sem felur m.a. í sér:
    - 1.2.1. Umsjón með útgáfu, kynningu og dreifingu á tímaritinu.
    - 1.2.2. Vinna að skráningu tímaritsins í erlenda gagnagrunna.
    - 1.2.3. Sameina enska og íslenska útgáfu tímaritsins.
    - 1.2.4. Setja tímaritið upp í alþjóðlega viðurkenndu forriti.
    - 1.2.5. Styrkja fjárhagslega stöðu tímaritsins.
  - 1.3. Útgáfa temaheftis/rits um stjórnun og rekstur ríkisstofnana. Stofnunin mun aðstoða við undirbúning ritstýrðar og ritrýndrar bókar um stjórnun og rekstur ríkisins sem byggð verður á niðurstöðum rannsókna á starfsumhverfi ríkisins. Áætlað að bókin komi út haustið 2014.
  - 1.4. Finna grundvöll fyrir sameiginleg rannsóknarverkefni fræðimanna.
  - 1.5. Leita að möguleikum á umsóknum í stærri rannsóknasjóði.
  - 1.6. Leita að möguleikum á erlendu samstarfi um rannsóknir á sviði stjórn mála og stjórnsýslu m.a. með erlendum fræðimönnum sem koma til landsins.

- 1.7. Nýta tækifæri sem gefast til að yfirfæra þekkingu úr akademíunni til hagnýtra úrlausnarefna s.s. í átaksverkefnum stjórnvalda til að bæta stjórnsýsluna.
- 1.8. Áframhaldandi þróun Rannsóknarborðs
- 1.9. Umsjón og áframhaldandi þróun diplómanáms í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

## **2. Efling nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu og þjónustu.**

- 2.1. Leiða starf samstarfsaðila um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu í samræmi –við samstarfssamning við Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2013-2014 sem felur m.a. í sér:
  - 2.1.1. Árlega ráðstefnu um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu þar sem kynnt eru nýsköpunarverkefni hjá ríki og sveitarfélögum, nýsköpunarverðlan og viðurkenningar í opinberum rekstri
  - 2.1.2. Þróa [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is)
  - 2.1.3. Ráðgjöf, námskeið og kennsla um nýsköpun í opinberum rekstri.
  - 2.1.4. Rannsóknir og þróunarverkefni um nýsköpun í opinberum rekstri
  - 2.1.5. Samstarf við innlenda og erlenda aðila um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.
- 2.2. Umsjón með skilgreindum hluta norræns verkefnis á sviði nýsköpunar í opinberum innkaupum í heilbrigðisþjónustu sem styrkt er af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni.
- 2.3. Ráðgjöf og úttektir í tengslum við þjónustusamning við Reykjavíkurborg 2013-2014.

## **3. Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu og stjórnsmál og málefni líðandi stundar**

- 3.1. Auka samstarf við Stjórnsýsluskóla stjórnarráðsins og aðra aðila sem starfa að fræðslu opinberra starfsmanna.
- 3.2. Námskeið og fundir í tengslum við þjónustusamning við Reykjavíkurborg 2013-2014.
- 3.3. Þjóða upp á sérhæfð námskeið fyrir stjórnendur og starfsmenn stjórnsýslu hjá ríki og borg/sveitarfélögum.
- 3.4. Áframhaldandi samstarf við aðila um fundi, málþing og ráðstefnur málefni stjórnsýslunnar og stjórnsmál.
- 3.5. Áframhaldandi upplýsingamiðlun á samskiptasíðum stofnunarinnar um stjórnsmál og stjórnsýslu.
- 3.6. Eiga samstarf við norræna og evrópska samstarfsaðila á sviði stjórnsýslufræðslu.

### **Í samstarfi við Stjórnsmálafræðideild:**

- 3.7. Auka samstarf við ríkisstofnanir og sveitarfélög um lokaverkefni til meistaraþrófs.
- 3.8. Skoða grundvöll fyrir því að stjórnvöld geri kröfur um þekkingu forstöðumanna ríkisstofnana á sviði stjórnsýslu og hvernig stjórnsmálafræðideild geti komið til móts við það.
- 3.9. Leita samstarfsaðila á Norðurlöndum um nám í opinberri stjórnsýslu eða við háskóla annarra nágrannalanda
- 3.10. Skoða grundvöll fyrir sérstakri línu í diplómanámi/meistaránámi fyrir sveitarstjórnarfólk.

## **4. Fjármál og reglur stofnunarinnar**

- 4.1. Efla fjárhagslegan grundvöll starfseminnar
- 4.2. Afla frekari styrkja til útgáfu tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla.
- 4.3. Vinna öflun og gerð samstarfs/þjónustusamninga við aðila í opinberri stjórnsýslu.
- 4.4. Endurskoða reglur stofnunar.

## Viðauki 2. Viðburðir hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála 2013

### 1. Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar

**31. janúar 2013. Morgunverðarfundur: Hvernig má efla liðsheild og starfsanda á erfiðum tímum?- Nokkur ráð til stjórnenda um árangursríkar leiðir.** Haldið á Grand hótél Reykjavík samstarfi við Félag forstöðumannaríkisstofnana. Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur, Ólafur Hauksson sérstakur saksóknari og Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri LSH fjölluðu um árangursríkar leiðir til að styðja við starfsfólk og stuðla að aukinni samstöðu, samvinnu og starfsánægju þess á erfiðum tímum. Fundarstjóri var Sveinn Margeirsson, forstjóri MATÍS.

**4. mars 2013. Hádegisverðarfundur: Framtíð opinberrar þjónustu.- Alþjóðlegir straumar, reynsla annarra þjóða, ráðleggingar um áherslur og úrlausnarefni.** Haldið á Grand hótél Reykjavík í samvinnu við forsætisráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Aðalræðumaður var Rolf Alter forstöðumaður opinberrar stjórnsýslu hjá OECD. Í pallborði voru Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Ómar H. Kristmundsson prófessor og Magnús Guðmundsson formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Fundarstjóri var Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.

**10. apríl 2013. Morgunverðarfundur: Grænn opinber rekstur.-Hversu vistvænn er opinber rekstur nú? Hvert skal stefna?** Haldinn á Grand hótél Reykjavík í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Á fundinum voru m.a. kynntar nýjar rannsóknarniðurstöður um hversu vistvænn rekstur opinberra stofnana er, kynning á nýrri stefnu um grænan ríkisrekstur og fjárhagslegan og faglegan ávinning af vistrænum aðferðum í opinberum rekstri. Framsögumenn voru Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Birna Helgadóttir, verkefnisstjóri umhverfis- og samgöngumála hjá LSH, Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar og Sigurpáll Ingibergsson, gæðastjóri rekstrarsviðs ÁTVR. Pallborð með þátttöku frummælenda auk Halldórs Ó. Sigurðssonar forstjóra Ríkiskaupa þar sem umræðuefnið var staða og næstu skref til græns opinbers rekstrar. Fundarstjóri var Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins.

**24. apríl 2013. Morgunverðarfundur: Markvissar umbætur í opinberum rekstri – leið til betri árangurs. Betri árangur og aukin gæði með notkun CAF-líkansins (Common Assessment Framework)** haldinn á Grand hótél Reykjavík. Í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra flutti ávarp og opnaði fundinn. Erindi héldu Pétur Berg Matthíasson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Haraldur Hjaltason framkvæmdastjóri Artemis, Elísabet Dolinda Ólafsdóttir, gæðastjóri hjá Geislavörnum ríkisins og Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Fundarstjóri var Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar.

**20. september 2013. Námskeið: Árangursrík upplýsingamiðlun til að lágmarka skaða við áföll.** Haldið í stofu 101 Neshaga, húsnæði Lyfjafræðideildar HÍ. Hagnýtt námskeið og vinnustofa um upplýsingamiðlun og áfallastjórnun sérstaklega skipulögð fyrir forstöðumenn opinberra stofnana og staðgengla þeirra. Haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Leiðbeinandi: Katrín Pálsdóttir MS og kennari í HÍ og HR.

**7. október 2013. Morgunverðarfundur: Fjárlagafrumvarpið 2014 og staða ríkisfjármála- Hvaða breytingar eru framundan í opinberum rekstri** haldið á Grand hótél í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra ræddi fjárlagafrumvarpið 2014, stöðu og horfur í ríkisfjármálum og áform ríkisstjórnarinnar um áherslubreytingar í ríkisrekstri. Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Ómar H. Kristmundsson, prófessor við

Stjórn málafræðideild HÍ og Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka brugðust við ræðu fjármála- og efnahagsráðherra og lögðu fyrir hann spurningar. Fundarstjóri var Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.

**17. og 18. október 2013. Námskeið: Árangursrík innleiðing breytinga hjá stofnunum- Hagnýt vinnusmiðja sérstaklega skipulögð fyrir forstöðumenn opinberra stofnana og staðgengla þeirra,** í stofu 101 í húsnæði Lyfjafræðideildar HÍ við Neshaga. Leiðbeinandi var Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi hjá Strategíu og fv. framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

**29. október 2013. Morgunverðarfundur: Nýskipan í opinberum fjármálum- Heildstæð stefnumótun, aukið samráð og nýjar áherslur við framkvæmd fjárlaga** haldið á Grand hótél Reykjavík í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Nýtt frumvarp um opinber fjármál var til kynningar og umræðu og skoðuð áhrif þess á rekstrarumhverfi stofnana ríkis og sveitarfélaga. Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og formaður stýrihóps sem vann að endurskoðun á lögum um fjárreiður ríkisins kynnti frumvarpið. Þá ræddi Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga áhrif frumvarpsins á sveitarfélögin í landinu, Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri fjallaði um hvað breytt vinnulag við fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga þýða fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera og að lokum ræddi Gunnar Hall fjársýslustjóri um nýja framsetningu reikningssskila. Fundarstjóri var Ásta Möller, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

**11. og 12. nóvember 2013. Námskeið: Árangursrík innleiðing breytinga hjá stofnunum- Hagnýt vinnusmiðja fyrir stjórnendur hjá ríki og sveitarfélögum,** í fyrirlestrarsal Landsbókasafns 1. hæð. Leiðbeinandi var Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi hjá Strategíu og fv. framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

**19. nóvember 2013. Morgunverðarfundur: Sameining og endurskipulagning ríkisstofnana- Bestu aðferðir við undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni sameiningar og samþættingu mannauðs.** Haldinn á Grand hótél Reykjavík í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Ríkisendurskoðun, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Félag stjórnsýslufræðinga. Á fundinum ræddi Sigurður Helgi Helgason, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnunar og umbóta hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um áform um sameiningar ríkisstofnana og hvernig staðið verði að undirbúningi og framkvæmd þeirra og stuðningi við forstöðumenn viðkomandi stofnana frá hendi stjórnarráðsins. Kristín Kalmansdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar fjallað um hvaða lærdóm má draga af úttektum stofnunarinnar um sameiningu stofnana. Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins ræddi um þá áskorun að sameina heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið í eitt ráðuneyti og Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri ræddi árangurrika sameiningu embætta ríkisskattstjóra og níu skattstjóra víða um land í eitt, embætti ríkisskattstjóra þar sem aðferðir mannauðsstjórnunar voru lykillinn að árangri.

## 2. Stjórn mála, lýðræði og samfélagsleg gildi.

**Janúar til febrúar 2013.** Framhald raðar sjö funda sem hófst í nóvember 2012 um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá Íslands. Haldið á vegum Lagadeildar og Stjórn málafræðideildar HÍ og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Yfirskrift fundanna var **Ferill- Inntak og eðli breytinga.- Áhrif á stjórn skipun** og en hver fundur fjallaði síðan um einstaka þætti er varðaði tillögur um breytingar á stjórnarskránni sem voru til meðferðar á Alþingi . Fundirnir í byrjun árs 2013 voru haldnir í Hátiðasal HÍ og voru þeir sendir út í beinni útsendingu og jafnframt teknir upp og voru upptökur aðgengilegar á á vef HÍ og samstarfsaðila.

**16. janúar 2013. Stjórnarskráin og lýðræðið, Kosningakerfi- Persónukjör- Þjóðaratkvæðagreiðslur.** Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Ólafur Þ. Harðarson prófessor, Jón Ólafsson prófessor, Ágúst Þór Árnason deildarformaður HA. Ragnhildur Helgadóttir prófessor stýrði fundi.



**30. janúar 2013. Hlutverk og staða Alþingis í nýrri stjórnarskrá. Löggjafarhlutverkið-Eftirlit Alþingis með stjórnvöldum - Nýtt hlutverk forseta Alþingis- Samspil Alþingis og kjósenda í ákvarðanatöku** Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru Hafsteinn Þór Hauksson lektor, Ragnhildur Helgadóttir prófessor, Stefanía Óskarsdóttir lektor. Fundarstjóri var Ómar H. Kristmundsson.

**13. febrúar 2013. Mannréttindi í stjórnarskrá. Samanburður við breytingar á stjórnarskrá Noregs- Er vernd mannréttinda áfátt samkvæmt núverandi stjórnarskrá? Hvert er markmið tilagna um breytingar? Mannréttindi og náttúra- Tengsl við alþjóðlega mannréttindasamninga.** Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru Eivind Smith prófessor við Lagadeild Oslóarháskóla, Björg Thorarensen prófessor, Oddný Mjöll Arnardóttir prófessor. Fundarstjóri var Róbert R. Spanó prófessor.

**27. febrúar 2013. Ísland, fullveldið og alþjóðasamfélagið.** Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru Björg Thorarensen prófessor, Krístrún Heimisdóttir lektor og Bjarni Már Magnússon sérfræðingur við HR. Fundarstjóri var Róbert R. Spanó prófessor.

**23. janúar 2013. Málþing: Hlutverk og ábyrgð fjölmiðla í aðdraganda kosninga.** Í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og meistaranám í blaða- og fréttamennsku við HÍ. Tílefnid var ábendingar eftirlitsnefndar ÖSE um að hér á landi giltu ekki opinberar reglur um störf og skyldur fjölmiðla í aðdraganda kosninga. Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru: Finnur Beck lögfræðingur, Elfa Ýr Gylfadóttir frkv.stj. Fjölmiðlanefndar, Guðbjörg Hildur Kolbeins fjölmiðlafræðingur, Margrét Sverrisdóttir verkefnastjóri, Ólafur Stephensen ritstjóri, Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir fréttamaður, Ólafur Þ. Harðarson prófessor og Freyr Einarsson ritstjóri. Fundarstjóri var Þór Jónsson blaðamaður.

**19. febrúar 2013. Opinn fyrirlestur: Frjálshyggjan, kreppan og kapítalisminn.** Opin fyrirlestur í Hátiðasal Háskóla Íslands kl.17-18. Dr. Hannes H. Gissurarson ræddi gagnrýni á frjálshyggju og kapítalisma í fimm nýútkomnum bókum. Eftir fyrirlesturinn bauð Hannes til móttöku í Hámu í tilefni sextugsafmælis síns. Ómar H. Kristmundsson stýrði fundinum.

**7. mars 2013. Opinn fyrirlestur: Uppljóstranir og áhrif tækniþróunar á dreifingu upplýsinga – Whistleblowing in the Digital Age: Integrity Systems Research.** Opinn fyrirlestur dr. Suelette Dreyfus í Norræna húsinu kl. 12:00-13:00. Í samstarfið við Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi, Alþjóðamálastofnun og Norræna húsið. Fundarstjóri var Svavar Halldórsson stjórnmálafræðingur.

**17. apríl 2013. Opinn fyrirlestur: Open University og Futurelearn- Notkun upplýsingatækni í háskólanámi. Ný tækifæri-aukin fjölbreytni-meira aðgengi.** Haldinn í Odda 101 í samstarfi við Stjórnmálafræðideild og Kennslumiðstöð HÍ. Fyrirlesari var Dr. Leslie Budd frá Open University Business School . Mikil umræða hefur átt sér stað um svokölluð MOOC námskeið (massive on-line courses) sérstaklega um möguleika slíkra námskeiða til að auka aðgengi að háskólamenntun. Innan Háskóla Íslands hefur einnig átt sér stað umræða um möguleika á að nýta slík námskeið í námi og kennslu. OU er sá skóli sem hefur lengstu reynsluna af því að nota upplýsingatækni til að auka aðgengi að háskólamenntun. Í fyrirlestrinum var fjallað um Open University, MOOC námskeið (massive on-line courses) og um Futurelearn. Dr. Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands setti fundinn. Fundinum stýrði dr. Ómar H Kristmundsson, deildarforseti Stjórnmálafræðideildar.

**18. apríl 2013. Opinn fyrirlestur: Notkun upplýsingatækni til að auka samfélagsþátttöku og jafnræði þjóðfélagshópa- Developing the Capacities of the Digital Social Economy** haldinn í HT 101 í samvinnu við Stjórnmálafræðideild HÍ og Fræðasetur um þriðja geirann. Fyrirlesari var Dr. Leslie Budd frá Open University Business School, Centre for Innovation Knowledge and Development. Niðurstaða verkefnisins eGovernment for You (eGOV4U), sem styrkt var af Evrópusambandinu og fólst í að meta verkefni í upplýsingatækni í nokkrum Evrópuríkjum m.a. Íslandi, sýndi að hana mætti nota til að auka samfélagslega virkni hópa eins og eldra fólks, fatlaðs fólks og innflytjenda með því að auka færni þeirra í tölvu- og vefnotkun. Komid hefur í ljós að þriðji geirinn

hefur með þróun rafrænna neta gegnt mikilvægu hlutverki í þessum efnum. Í fyrirlestrinum var fjallað um þetta hlutverk í alþjóðlegu samhengi. Dr. Ómar H Kristmundsson, deildarforseti Stjórn málafræðideildar stýrði fundinum.

**19.- 24. apríl 2013.** Þrír opnir fundir í Háskóla Íslands í aðdraganda alþingiskosninga 2013 í samvinnu við Stjórn málafræðideild:

**19. apríl 2013 kl. 12-13 í Odda st. 101 : Stjórnarkreppan mikla. Hvers vegna munu stjórnarmyndunarviðræður ganga illa eftir alþingiskosningarnar í apríl 2013?** Guðni Th. Jóhannesson lektor í sagnfræði skoðaði stjórnarmyndunarviðræður í sögulegu ljósi og leiddi m.a. leiða rök að því að eftir þingkosningarnar sem framundan voru muni reynast erfitt að koma saman ríkisstjórn. Umræðum stjórnaði Steinunn Stefánsdóttir, blaðamaður.

**22.apríl 2013 kl. 12-13 í Odda st. 101 : Hver er staðan í íslenskum stjórnámálum fimm dögum fyrir Alþingiskosningar?** Dr. Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði og Dr. Stefanía Óskarsdóttir lektor í stjórn málafræði, fjölluðu um stöðuna í íslenskum stjórnámálum fimm dögum fyrir kosningar. Umræðum stjórnaði Höskuldur Kári Schram fréttamaður á Stöð 2.

**24. apríl 2013 kl. 12:15-13:15 í Odda st. 101. Hvernig hegða kjósendur sér?** Dr. Ólafur Þ Harðarson ræddi *Kosningasveiflur og nýir flokka* og í erindi Evu Heiðu Önnudóttir doktorsnema í stjórn málafræði *Nýir kjósendur, gamlir flokkar?: Tryggð kjósenda við stjórn mála flokka og nálægð á hugmyndafræði* fjallaði hún m.a. um minnkandi tryggð kjósenda og minni áhrif vinstri- hægri nálægðar við stjórn mála flokk á það sem fólk kys.

**26. júní 2013. Útgáfuhóf í tilefni af útkomu vorheftis veftímaritsins; *Stjórn mála og stjórnsýsla*** í Odda stofu 101. Dr. Baldur Þórhallsson prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ ræddi grein sem hann ritaði ásamt Alyson Bailes og Rachael Lorna Johnstone *Scotland as an independant state* og Þorsteinn Kristinsson stjórn málafræðingur fjallaði um greinina *Iceland's External Affairs from 1400 to the Reformation: Anglo-German Economic and Societal Shelter in a Danish Political Vacuum*, en hann er höfundur greinarinnar ásamt Baldri Þórhallssyni prófessor. Fundarstjóri var dr. Gunnar Helgi Kristinsson.

**19. desember 2013.** Útgáfuhóf í tilefni af útkomu haustheftis 2013 hjá veftímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla í Odda stofu 101. Tveir höfundar greina sem birtust í hausthefti 2013 kynntu efni sitt. Birgir Guðmundsson ræddi grein sína *Pólítísk markaðsfjölmíðlun* og Stefán Ólafsson grein sína *Well being in the Nordic countries: An International Comparison*. Fundarstjóri var dr. Gunnar Helgi Kristinsson..

### 3. Alþjóðastjórn mála og þjóðfélagsþróun. Fjölpjóðlegar stofnanir

**6. desember 2013. Hvað afmarkar landamæri ríkja?** Opinn fyrirlestur í samvinnu við Alþjóðamálastofnun haldinn í Lögbergi stofu 101. Fyrirlesari var Dr. Emmanuel Brunet-Jailly kennari við University of Victoria í Kanada en hann leiðir alþjóðlegan hóp um 100 fræðimanna frá 21 háskóla í ellefu löndum m.a. í Kanada, Bandaríkjunum, Evrópu, Asíu og Miðausturlöndum sem hafa fengið styrk til að skoða landamæri á 21. öldinni - Borders in Globalisation- raunveruleg, óbein og sýndar landamæri ríkja á 21. öldinni (real, remote and virtual borders). Í fyrirlestrinum kynnti hann rannsóknina og þau álitamál sem tekist er á við. Fundarstjóri var Stefanía Óskarsdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild HÍ.

### 4. Lagarammi opinberrar starfsemi

**21. janúar- 27. febrúar 2013. Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga** í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Umsjónarmaður og aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor við Lagadeild Háskóla Íslands.

**6. og 7. febrúar 2013. Námskeið: Lagarammi og stjórnkerfi íslenskrar heilbrigðisþjónustu.** Haldið í samstarfi við velferðarráðuneytið, LSH, Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, Landsamband heilbrigðisstofnana, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Kennari var Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá velferðarráðuneytinu.

**4. apríl 2013. Upplýsingaréttur almennings; Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 140/2012.** Haldið í húsnæði Endurmenntunar HÍ við Dunhaga í samvinnu við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Kennari var Kjartan Bjarni Björgvinsson lögfræðingur hjá EFTA dómstólnum.

**9. apríl 2013. Ráðning og starfslok starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum.** Námskeið í húsnæði Endurmenntunar HÍ kl. 9-16. Kennari var Kjartan Bjarni Björgvinsson lögfræðingur hjá EFTA dómstólnum.

**25. október 2013. Upplýsingaréttur almennings; Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 140/2012.** í húsnæði Endurmenntunar HÍ við Dunhaga í samvinnu við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Kennari var Kjartan Bjarni Björgvinsson lögfræðingur hjá EFTA dómstólnum.

**28. október 2013. Evrópuréttur- Áhrif grundvallarreglna ESB og EES sammingsins á íslenska stjórnýslu og íslenskar lagareglur í Odda stofu 202.** Kennari var Kjartan Bjarni Björgvinsson lögfræðingur hjá EFTA dómstólnum.

### Viðauki 3. Birtar greinar í vef tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla 9. árg. 2013.

#### Fræðigreinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorhefti 9. árg., 1. tbl. 2013.

1. **Scotland as an Independent Small State: Where would it seek shelter?** Alyson JK Bailes, Baldur Þórhallsson og Rachel Lorna Johnstone.
2. **Boðhlaup kynslóðanna.** Gylfi Magnússon.
3. **Hvernig opinber stefna gerist: Stefnurek í málefnum lesblindra á Íslandi 1990-2007.** Nanna Björk Bjarnadóttir og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir.
4. **Excellence, Innovation and Academic Freedom in University Policy in Iceland.** Ingólfur Ásgeir Jóhannesson.
5. **Áhrif hvata á störf lækna.** Una Jónasdóttir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir.
6. **Iceland's External Affairs from 1400 to the Reformation: Anglo-German Economic and Societal Shelter in a Danish Political Vacuum.** Baldur Þórhallsson og Þorsteinn Kristinsson.
7. **Vestnorden. A functional region?** Grétar Þór Eypórsson og Gestur Hovgaard.
8. **Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi og tekjur ímyndaðs „Norðausturríkis“.** Þóroddur Bjarnason og Þorvaldur Heiðarsson.
9. **„Við gerum bara eins og við getum“ - Þjónusta við fólk með fjölpættar skerðingar.** Guðný Jónsdóttir og Dr. Snæfríður Þ. Egilson.
10. **Stjórnskipun og notkun á fé lífeyrissjóða.** Ragnhildur Helgadóttir
11. **Gefa viðbrögð við eldgosi innsýn í krísustjórnun: Dæmi frá Ícelandair.** Regína Ásdísardóttir, og Runólfur Smári Steinþórsson.
12. **Good Administration as a Fundamental Right.** Margrét Vala Kristjánsdóttir.

#### Almennar greinar birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorhefti 9. árg., 1. tbl. 2013.

1. **Starfsmannasamtöl.** Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Svala Guðmundsdóttir.

#### Bókadómar birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorhefti 9. árg., 1. tbl. 2013.

1. **Outline of an Economic Theory** eftir Benjamín J. Eiríksson (endurútgáfa). Bókadómur eftir Jóhannes Hraunfjörð Karlsson.
2. **Íslenskir kommúnistar 1918-1998** eftir Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Bókadómur eftir Gunnlaug A. Júlíusson.

#### Fræðigreinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar hausthefti 9. árg., 2. tbl. 2013.

1. **Raunhæf skynsemi eða stefnufálm? Samband þings og framkvæmdarvalds við undirbúnings opinberrar stefnumótunar.** Gunnar Helgi Kristinsson.
2. **Staðgöngumæður: Frjálsar og fórnfúsar konur.** Jónína Einarsdóttir og Helga Finnsdótti
3. **A Small-States Perspective on the European Citizens' Initiative.** Maximilian Conrad.
4. **Equal rights to paid parental leave and caring fathers- the case of Iceland.** Ásdís A. Arnalds, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason.
5. **Well being in the Nordic countries: An International Comparison.** Stefán Ólafsson.
6. **Er heilsa metin með hlutfallslegum eða algildum hætti?** Agnar Hafliði Andrússon og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir.
7. **Fíkniefni, íslenskt samfélag og nýir kostir í stefnumótun.** Helgi Gunnlaugsson.
4. **Þjónandi forysta og rannsóknir hér á landi.** Sigrún Gunnarsdóttir og Birna Gerður Jónsdóttir
5. **Einelti og líðan starfsfólks sveitarfélaga á tímum efnahagsþrenginga.** Hjördís Sigursteinsdóttir.
10. **Íslensk menningarstefna.** Njörður Sigurjónsson.
11. **Pension benefits outside of the pension system.** Ólafur Ísleifsson.
12. **Verðtrygging , þjóðarsátt og inntak kjarasamninga.** Þórólfur Matthíasson.
13. **Pólítísk markaðsfjölmíðlun.** Birgir Guðmundsson.
14. **The Faroe islands and the Arctic: Genesis of a strategy.** Alyson Bailes og Beinta frá Jákupsstovu.
15. **Ímynd ESB meðal íslenskra kjósenda og áherslur í umræðunni um aðild.** Friðrik Eysteinnsson, Dagbjört Ágústa H. Diego og Kári Kristinsson.

16. **Hlutverk sjálfbodaliðans.** Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir.

**Almennar greinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar hausthefti 9. árg., 2. tbl. 2013**

1. **Útgáfa fræðirit á netinu.** Haukur Arnþórsson.

**Bókadómar greinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar hausthefti 9. árg., 2. tbl. 2013**

1. **Steingrímur J. Frá hruni og heim.** Höfundur: Björn Þór Sigbjörnsson. Bókadómur eftir Ólaf Þ. Harðarson.
2. **Stjórnsýsluréttur-málsmeðferð.** Höfundur: Páll Hreinsson. Bókadómur eftir Hafstein Dan Kristjánsson.
3. **Ár Drekans. Dagbók utanríkisráðherra á umbrotatímum.** Höfundur: Össur Skarphéðinsson. Bókadómur eftir Ólaf Ísleifsson.
4. **Í þágu þjóðar.** Höfundur: Friðrik G. Olgeirsson. Bókadómur eftir Gylfa Magnússon.
5. **Frásagnir af Íslandi ásamt óhróðri Göries Peerse og Dithmars Blefkens um land og þjóð.** Umsjón með útgáfu: Gunnar Þór Bjarnason og Már Jónsson. Bókadómur eftir Ólaf Rastick.
6. **Europeanization and the EEA. Iceland's Participation in the EU's Policy Process.** Höfundur: Jóhanna Jónsdóttir. Bókadómur eftir Maximillian Conrad.
7. **Fötun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi.** Ritstjórar: Hanna B. Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. Bókadómur eftir Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur.
8. **Hlutafélagaréttur.** Höfundur: Stefán Már Stefánsson. Bókadómur eftir Davíð Þór Björgvinsson.
9. **Ástarsaga Íslendinga að fornu.** Höfundur: Gunnar Karlsson. Bókadómur eftir Hannes H. Gissurarson.
10. **Búsáhaldabyltingin.** Höfundur: Stefán Gunnar Sveinsson. Bókadómur eftir Baldvin Bergsson.
11. **Ísland ehf. - Auðmenn og áhrif eftir hrún.** Höfundar: Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson. Bókadómur eftir Gunnlaug A. Júlíusson.
12. **Opinber tengsl Íslands við Sovétríkin/Rússland 1943-2008.** Umsjón: Utanríkisráðuneytið. Bókadómur eftir Kjartan Emil Sigurðsson.
13. **Alþjóðastjórnsmál – Samvinna/Átök/Umhverfisógn.** Höfundur: Stefán Karlsson. Bókadómur eftir Auðun Arnórsson.
14. **Efst á baugi-æviminningar .** Höfundur: Björgvin Guðmundsson. Bókadómur eftir Hannes H. Gissurarson.
15. **Ferðamál á Íslandi.** Höfundar: Edward Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson. Bókadómur eftir Ólöfu Ýrr Atladóttir.
16. **Forystumaður úr Fljótum – æviminningar Ólafs Jóhannessonar prófessors og forsætisráðherra.** Höfundur: Ólafur Jóhannesson. Bókadómur eftir Ólaf Þ. Harðarson.